

## Efnisyfirlit:

Lög um leikskóla .....	3
Aðalnámskrá.....	3
Grunnstefna Reykjanesbæjar 2020 – 2030.....	4
Menntastefna Reykjanesbæjar .....	5
<b>Hlutverk leikskóla .....</b>	<b>6</b>
<b>Leiðarljós leikskóla.....</b>	<b>7</b>
Sérkennsla.....	12
Fjölmening.....	13
<b>Leikur &amp; nám .....</b>	<b>14</b>
Vinnustundir.....	15
Dagskipulag.....	15
<b>Námsumhverfi.....</b>	<b>16</b>
<b>Sambætt &amp; skapandi leikskólastarf.....</b>	<b>17</b>
Lýðræði & jafnrétti .....	18
Læsi & samskipti .....	19
Heilbrigði & velferð.....	19
Heilsueflandi leikskóli.....	20
Sjálfbærni & vísindi.....	21
Sköpun & menning .....	22
Mat á námi & velferð barna.....	23
Skráningar í Hjallatúni .....	23
Hegðunarmótun & agi .....	24
<b>Fjölskyldan &amp; leikskólinn.....</b>	<b>25</b>
Hefðir og hátíðir .....	26
<b>Tengsl skólastiga.....</b>	<b>29</b>
<b>Starfsáætlun.....</b>	<b>29</b>
<b>Mat á leikskólastarfi.....</b>	<b>29</b>
Innra mat .....	29

Ytra mat .....	30
<b>Leikskólinn Hjallatún .....</b>	<b>31</b>
Starfsfólk leikskóla .....	31

## Inngangur

Með tilkomu aðalnámskrár leikskóla árið 2011 var öllum leikskólum landsins gert að semja skólanámskrá sem veita skyldi heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Þessi útgáfa er áttunda útgáfa af námskrá Hjallatúns. Leikskólinn hefur verið opinn frá árinu 2001 og er starfið orðið vel mótað.

Hér birtast þær upplýsingar sem liggja fyrir um námið, kennslu- og uppeldishættina í skólanum eins og það er á þessari stundu. Allt starfsfólk leikskólans kemur að þróun uppeldisstarfsins í Hjallatúni og er leitast við að hafa vinnubrögð sem lýðræðislegust. Uppeldisstefna og starfshættir eru endurskoðaðir og metnir reglulega og markmið og leiðir þróaðar út frá því.

## Lög um leikskóla

Samkvæmt lögum nr. 90/2008 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla. Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið.

## Aðalnámskrá

Aðalnámskrá lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf.

### Hún byggir á meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskóla sem eru

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

Aðalnámskrá er ætlað að vera leiðarljós leikskólastarfs í landinu. Á grundvelli þess sem kveðið er á um í lögum um hlutverk leikskóla og áherslum í aðalnámskrá hafa verið skilgreindir grunnþættir í menntun.

### Þessir grunnþættir eru

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Megi skólanámsskráin koma að góðum notum við upphaf leikskólagöngu barnanna ykkar og eins starfsfólki og öðrum lesendum hennar.



BÖRNIN MIKILVÆGUST



KRAFTUR  
FJÖLBREYTILEIKANS



FAGLEGT  
MENNTASAMFÉLAG

## Grunnstefna Reykjaneshæjar 2020 – 2030

Heildarstefna Reykjaneshæjar sem ber yfirheitið „Í krafti fjölbreytileikans“ hefur tengt tólf Heimsmarkmið við stefnuáherslur sínar. Ásamt stefnunni er Heimsmarkmiðunum ætlað að varða leiðina í átt að framtíðarsýninni og hafa áhrif á starfsáætlanir og verkefnaval starfsmanna til ársins 2030.

Stefnan er vísun í mikilvægi þess að virkja þann fjölbreytta mannauð sem myndar ört stækkandi samfélag í bæjarfélaginu.

Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum.

Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu en þær eru

- *Börnin mikilvægust*

- *Velliðan íbúa*
- *Vistvænt samfélag*
- *Fjölbreytt störf*
- *Kraftur fjölbreytileikans*
- *Skilvirk þjónusta*

Formleg innleiðing á stefnunni hófst í ársbyrjun 2020. Sama ár lagði Reykjanesbær jafnframt upp í þá vegferð að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið nefnist *Barnvænt sveitarfélag* og tengist það inn í allt skólastarf bæjarins. Innleiðingin er mikilvægur áfangi í að gera bæinn að skilgreindu barnvænu sveitarfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF.

Markmiðið er að til verði heildstætt gagnasafn um stöðu barna í sveitarfélaginu og mun aðgerðaáætlun ávallt byggja á þeim. Sífelld verður rýnt í niðurstöður nýrra rannsókna, breytinga í samfélaginu og tryggt að það verði haft að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu (Reykjanesbær, 2020).

### **Farsældarlögin**

Farsæld barna eða samþætting þjónustu í þágu farsældar barna eru lög sem öll sveitarfélög, stofnanir og þjónustuveitendur sem vinna með börnum og ungmennum á landinu taka þátt í.

Farsæld barna er byggt á lögum sem eru gjarnan kölluð farsældarlögin eða lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Markmiðið með lögum um samþætta þjónustu er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur með því að stuðla að samvinnu og samstarfi þjónustuveitenda barna og fjölskyldna.

Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.

Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna (að samþætta þjónustuna) verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

### **Menntastefna Reykjanesbæjar**

*„Menntastefna Reykjanesbæjar 2021 – 2030 er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitafélaginu. Menntastefnan er áttaviti sem vísar veginn og leiðbeinir um*

*hvernig nám, leikur, listir og íþróttir fléttast saman og stuðlar að því að börn og ungmenni öðlist góða alhliða menntun, þeim líði vel og séu virkir þátttakendur í fjölbreyttu samfélagi“ (Reykjanesbær, 2021).*

### **Leiðarljós menntastefnunnar**

- Börnin mikilvægust
- Kraftur fjölbreytileikans
- Faglegt menntasamfélag

Menntastefnan byggir jafnframt á fimm megináherslum sem eiga að ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi.

### **Megináherslunar fimm**

- Mér líður vel
- Allir með
- Opnum hugann
- Sköpunargleði
- Við og jörðin.

Menntastefna Reykjanesbæjar fléttast inn í dagskipulagið í Hjallatúni og er stefnunni gerð sérstök skil m.a. í hringekju, í skólahóp, í samverustundum og með áherslu á íslensku í daglegu starfi.

## **Hlutverk leikskóla**

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Áherslupættir námssviðanna endurspeglar grunnþætti menntunar og þar má finna þá hæfniþætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér. Aðalnámskráin er leiðbeining fyrir sveitarfélög við mótun stefnu um skólahald, er leikskólastjórnendum og kennurum sveigjanlegur rammi til að ákveða leiðir að markmiðum í leikskólastarfi. Leikskólar geta farið fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans. Leikskólinn er fyrir börn upp að skólaskyldualdri.

Allt starfsfólk á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna og vera góð fyrirmynd í hvívetna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá hvers leikskóla.

### Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarf. Hann leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans, stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði.

### Hlutverk leikskólakennara

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjunum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barns, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börnin fái notið bernsku sinnar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



OPNUM HUGANN

## Leiðarljós leikskóla

### 3 lykilatriði í uppeldisstefnu Hjallatúns.

#### 1 Að efla sjálfsþekkingar- og samskiptagreind barna.

Við leggjum sérstaka áherslu á að efla sjálfsþekkingar- og samskiptagreind barna. Við leitumst við að gefa hverju einstöku barni tíma, hlusta á þau og ræða um líðan þeirra ásamt því að leggja sérstaka áherslu á nærveru, umhyggju og hlýju í leikskólastarfinu.

Einstaklingum með góða sjálfsþekkingargreind líður betur og geta stjórnað tilfinningum sínum í stað þess að láta tilfinningarnar stjórna sér. Við kennum börnunum í gegnum leik að skilja aðra og láta sér lynda við þá. Við leiðbeinum þeim við að leysa deilur og læra sjálfsstjórn. Við lítum svo á að

samskiptagreindin sé mikilvægur grundvöllur fyrir velgengni og hamingju í lífinu.

## 2 Að kenna börnunum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfsmynd.

Við teljum að börn eigi rétt á að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra eigið líf. Með því að taka þátt í ákvörðunum lærir barnið lýðræði. Í Hjallatúni getur barnið að miklu leyti skipulagt leik sinn sjálft og á þann hátt haft mikil áhrif á daglegt líf sitt í leikskólanum. Með þessu lærir barnið að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem vekur hjá því frumkvæði, ánægju og gleði og styrkir sjálfsmynd þess.

## 3 Að nota leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins.

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið leikskólabarnsins og í honum felst mikið sjálfsnám. Þegar börn leika sér eru þau að þroska með sér margvíslega hæfileika. Barn sem er að leika sér í hlutverkaleik (mömmuleik) er til dæmis að æfa sig í samskiptum og efla félagsleg tengsl og barn sem er í fjörugum Tarzan leik í sal er að styrkja bein og vöðva.

Kannanir sem gerðar hafa verið meðal barna, sýna að börn telja sig fá of lítinn tíma og ekki nægan frið til leikja. Í Hjallatúni hlúum við vel að leiknum og forðumst allt óþarfa skipulag sem annars myndi trufla leikinn.

## Hugmyndafræði Hjallatúns



Sú sýn sem við í Hjallatúni viljum hafa að leiðarljósi er að í **SKÖPUNARGLEÐI** hverjum manni býr auður og okkar hlutverk er að finna þann auð. Við viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er sterkur og nýtur sín og leiða hann þaðan inn á brautir annars þroska þar sem hann hefur þörf á að styrkja sig. Til dæmis ef barn er mjög duglegt að syngja og dansa en hefur slakan félagsþroska væri hægt að styrkja félagsþroska þess með hringleikjum og dönsum þar sem fleiri börn tækju þátt.

### *Fjölgreindarkenningin*

Í Hjallatúni er unnið út frá kenningu um hæfileika manna svokallaðri Fjölgreindarkenningu. Sálfræðingur að nafni Howard Gardner setti fram kenningu um fjölgreindir árið 1983.

Fjölgreindarkenning Howards Gardners byggir á því að greind mannsins samanstandi af sjö eða fleiri jafngildum greindarsviðum. Þessi svið þroskast mismunandi og á ólíkum tíma hjá hverri manneskju. Greindarsviðin eru samtengd þannig að ef eitt svið þróast þá þroskast hitt. Allir einstaklingar læra ólíkt og fer það eftir því hvaða greindarsvið eru sterkust hjá þeim hvernig þeir bregðast við kennsluáferðum. Fjölgreindarkenning Gardners undirstrikar einstaklingsmun og mikilvægi þess að koma til móts við þarfir hvers og eins. Mikilvægt er að nota ekki fjölgreindarkenninguna til þess að flokka einstaklingana og festa þá í einni greind, heldur til að hjálpa þeim að finna hvernig þeir geta best lært.

Gardner flokkaði greind manna í 8 flokka sem tilgreindir verða hér fyrir neðan. Sterkar hliðar barnanna er metið jafnt og þétt yfir skólaárið með hliðsjón af Fjölgreindarkenningunni út frá eftirfarandi viðmiðum.

### Málgreind



Næmi fyrir hljóðum, gerð, merkingu og hlutverkum orða og tungumáls.



TJÁNING

*Börn sem hafa góða málgreind hugsa í orðum og finnst til dæmis gaman að hlusta á sögur, segja sögur og nota orðaleiki.*

### Rök og stærðfræðigreind

Hæfileiki til að átta sig á röklegum og tölulegum mynstrum, hæfileiki til að fást við langar rökleiðslur.



GAGNRÝNIN  
HUGSUN



*Börn sem hafa góða rök og stærðfræðigreind hugsa með rökleiðslu og finnst til dæmis gaman að gera tilraunir, spyrja, leysa rökgátur, byggja úr einingakubbum og holkubbum.*

## Rýmisgreind

Hæfni til að skynja hinn sýnilega rýmisheim nákvæmlega og til að ummynda fyrstu skynjun.



*Börn sem hafa góða rýmisgreind hugsa í ímyndum og myndum og finnst til dæmis gaman að hanna, teikna, sjá fyrir sér og krota.*



## Líkams- og hreyfigreind

Hæfni til að hafa stjórn á eigin líkama og til að handleika hluti og beita verkfærum. Felur einnig í sér næmt tímaskyn.



*Börn sem hafa góða líkams- og hreyfigreind hugsa með líkamsskynjun og finnst til dæmis gaman að dansa, hlaupa, stökkva og byggja*



## Tónlistargreind

Hæfileiki til að framleiða og meta að verðleikum takt, tónhæð, tónblæ; að meta form tónskynjunar. Tónlistargreind kemur fyrst í ljós af öllum greindarþáttunum.



*Börn sem hafa góða tónlistargreind hugsa í takti og lögum og finnst til dæmis gaman að syngja, blístra, raula, slá takt með höndum og fótum og hlusta.*

## Umhverfisgreind

Leikni í að greina tegundir; þekkja skyldar tegundir. Næmi fyrir fyrirbrigðum náttúrunnar og umhverfis. Hæfileiki til að rata.

*Börn sem hafa góða umhverfisgreind hugsa með hjálp náttúrunnar og tilbrigða hennar og finnst til dæmis gaman að leika við gæludýr, vinna í garðinum, rannsaka náttúruna, rækta dýr og sýna umhyggju fyrir jörðinni.*



## Samskiptagreind




Hæfni til að átta sig á og bregðast rétt við hugarástandi, skapgerð, áhuga og óskum annarra. Hæfni til samstarfs og næmi á yrt og óyrt tjáskipti. Hæfileiki til að hugleiða mörg sjónarmið.

*Börn sem hafa góða samskiptagreind hugsa með því að varpa fram hugmyndum sínum við aðra og finnst til dæmis gaman að hafa forustu, skipuleggja, tengjast, ráðskast með, miðla málum, og taka þátt í samkvæmum.*

## Sjálfsþekkingargreind

Aðgangur að eigin tilfinningalífi og hæfni til að greina á milli tilfinninga sinna, þekking á eigin veikleikum og styrkleikum. Næmi til að öðlast sjálfsvitund og getu til að þróa og tjá tilfinningar.

*Börn sem hafa góða sjálfsþekkingargreind hugsa með hliðsjón af eigin þörfum, tilfinningum og markmiðum og finnst til dæmis gaman að setja markmið, miðla málum, dreyma, áætla og íhuga.*



---

Þessi kenning fær okkur til að setja hvert einstakt barn í brennidepil og líta á þau sem hæfa einstaklinga. Allir eru sterkir á einhverju sviði og börnin læra best í gegnum sína sterkustu greind.

## Sérkennsla

Samkvæmt lögum um leikskóla eiga börn á leikskólaaldri sem þurfa sérstaka aðstoð eða þjálfun vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika rétt á henni innan leikskólanna, undir handleiðslu sérfræðinga.

Leikskólar Reykjanesbæjar njóta sérfræðiaðstoðar Menntasviðs við þessi störf. Telji leikskólastjóri, leikskólakennari og forsjáraðilar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóladvallar sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sér að leysa málið innan leikskólans og/eða hvort leita skuli til sérfræðipjónustu. Verði aðilar sammála um að leita eftir slíkri þjónustu, er leikskólastjóra skylt að hafa forgöngu í samráði við sérkennslufulltrúa Menntasviðs.

Foreldrar/forráðamenn barna sem þurfa á sérfræðipjónustu að halda fylla út beiðnablað sem gefið er út af Menntasviði Reykjanesbæjar í samráði við sérkennslustjóra leikskólans.

Í Hjallatúni starfar sérkennslustjóri sem hefur umsjón með sérkennslu. Starf hans felst í að skoða barnahópin og skima eftir frávikum. Hann stjórnar sérkennslunni og sér um að unnið sé samkvæmt áætlunum frá sérfræðingum sem metið hafa barnið.

Ef grunur vaknar t.d. um að barn sé með seinkaðan málþroska er send inn tilvísun á Menntasvið um málþroskamát. Er það aldrei gert nema í samráði við foreldra. Ef beiðnin er samþykkt kemur talmeinafræðingur í leikskólann og metur barnið og kemur með ráðleggingar um hvort barnið þarf að ganga til talmeinafræðings og/eða fá sérstakan stuðning í leikskólanum. Talmeinafræðingurinn leggur fram áætlun sem unnið er eftir í leikskólanum. Yfirleitt er unnið með barnið einstaklingslega og í hóp með öðrum börnum sem þarfnast málörvunar.

## Fjölmenning



Í Hjallatúni er stór hluti barnahópsins af erlendum uppruna og er það hlutverk okkar að styðja við og aðstoða þau börn í daglegu starfi. Í dag er algengt að börn séu með tvö til þrjú og jafnvel fjögur tungumál sem þau þurfa að heyra í daglegu lífi. Í Hjallatúni er lögð áhersla á að töluð sé íslenska og að tungumálið heyrir í öllu sem viðkemur starfinu. Einnig er það markmið okkar að styrkja og efla félagslega færni barnanna og að þau hafi gott vald á íslenskri tungu þegar leikskólagöngu lýkur.

Aðaláherslan er að efla orðaforða barnanna. „Orð eru grunneiningar málsins og bera merkingu þess. Orðaforði er lykill að málskilningi og málnotkun enda liggur í augum upp að án skilnings á orðum er útilokað að skilja og nota tungumál. Orðaforði er því nauðsynlegur til að geta lært nýja hluti. Ríkulegur orðaforði er ein af undirstöðum lesskilnings og þar með lykill að góðum námsárangri“ (Orðaleikur – námsefni fyrir leikskóla, Miðstöð skólaþróunar).

Í Hjallatúni er m.a. stuðst við aðferðir sem nefnast Orðaspjall og Samræðulestur og Orðaforðalisti Menntamálastofnunar er notaður til að efla orðaforða barnanna.

Haustið 2019 fengu þrjú leikskólar í Reykjanesbæ úthlutað 50% stöðugildi til þess að ráða inn sérstakan verkefnastjóra sem halda á utan um íslenskukennslu innan skólans. Hjallatún er einn af þessum leikskólum sem fengu úthlutað þessu stöðugildi.

Í Hjallatúni er starfandi verkefnastjóri og hefur hann séð um að skoða hver þörfin er, hvar er verið að gera gott og hvar má bæta. Verkefnastjórinn heldur utan um barnahópin sem er tví- og fjöltyngdur, kemur með leiðir og hugmyndir til þess að efla íslensku í leikskólanum og einnig ráðleggingar fyrir foreldra óski þeir þess. Það hefur verið mikill fengur í því að hafa verkefnastjóra yfir þessum málaflokki þar sem þörfin er mikill í Hjallatúni.

### *Málstefna Hjallatúns*

Í málstefnu Hjallatúns kemur m.a. fram að í leikskólanum sé talað skólamál sem er íslenska. Að allt starf fari fram á íslensku og að starfsfólk hafi til taks sjónrænar leiðbeiningar á athöfnum daglegs leikskólastarfs. Að virðing sé borin fyrir öllum tungumálum og börnum er ekki bannað að tala sitt tungumál en alltaf minnt á að tala skólamálið. Að unnið sé að virku fjöltyngi þar sem áhersla er á að börn



nái góðri færni í íslensku en eru jafnframt hvött til að þróa sitt eigið móðurmál. Það er mikilvægt að börn á leikskólaaldri séu í íslensku umhverfi til þess að læra íslensku sem mun vera mikilvægt á komandi skólastigum. Við viljum stuðla að því öll börn fái sömu tækifæri til menntunar.

## Leikur & nám



„Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök.

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Náms svið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik. Leikskólakennarinn kynnir börnum nýja möguleika og skapar þannig sameiginlega reynslu sem nýtist í leik. „Mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu síður mikilvægt og margþætt“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í Hjallatúni er leikurinn rauði þráðurinn í starfinu. Við leitumst við að barnið læri í gegnum leikinn og að kennarinn sé til staðar til þess að glæða leikinn. Einnig virðum við sjálfsákvörðunarrétt barnsins. Barnið á að fá að leika sér þar

sem það langar til með þeim börnum sem það langar í þá tímalengd sem hentar þeim.

## Vinnustundir

Fjóra daga vikunnar er unnið með fjölgreindakenningu Howard Gardners í vinnustund. Þá er unnið með 8 greindir. Þær eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, tónlistargreind, líkams- og hreyfigreind, umhverfisgreind, sjálfsþekkingargreind og samskiptagreind. Kennarar undirbúa sig fyrir hverja greind.

Vinnustundir hefjast eftir að morgunmat og samverustund er lokið. Með vinnustund náum við að stuðla að megin markmið uppeldisstefnu Hjallatúns: Að efla sjálfsþekkingar- og samskiptagreind barna, að kenna börnunum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfsmynd og að nota leikinn sem helstu náms og þroskaleið barnsins. Með vinnustund og fjölgreindarkenningu Howard Gardners náum við að uppfylla þær kröfur sem Aðalnámskrá segir til um grunnþætti menntunnar. Kennarar eru ekki undanskilin börnunum hvað varðar styrkleika í hverri greind, við nýtum mannauðinn og kennarar fá tækifæri að nota sína styrkleika. Eins er lögð áhersla á að starfsfólk miðli sinni þekkingu og hugmyndum sín á milli. Þannig getur t.d. kennari sem finnst hann ekki vera nógu sterkan í tónlistargreind leitað eftir hugmyndum og lært af kennara sem er sterkur í tónlistargreind.

## Dagskipulag

Í Hjallatúni byrja allir dagar eins. Leikskólinn opnar 7:45, mæta þá börnin í rólegheitum og byrja á því að velja sér svæði í frjálsum leik. Morgunmatur opnar um kl 8:00 í matsalnum okkar og er til kl 9:00. Börnin koma og fá sér morgunmat þegar þeim hentar. Það er flæði í öllum matmálstímum hjá börnunum í skólanum. Það er leikur á svæðum eða Hringekja til kl 9:30 og eftir það er samverustund þar sem allir á heimastofunni hittast og fara yfir daginn. Að því loknu er vinnustund og útivera. Eftir það tekur við undirbúningur fyrir hádegismat þar sem börnin fara á salerni, þvo hendur. Hádegisverður á Norðurgangi er kl 11:10 – 12.00 og á Austur- og Vesturgangi kl 11:30 – 12:30. Frjáls leikur, hvíld og samverustundir eru fyrir og eftir hádegisverð. Öll börn fara í hvíld sem hentar þeirra aldri. Að því loknu er útivera þar sem leikur og

gaman helst í hendur. Eftir góða útiveru er síðdegishressing kl 14:15 – 15:30 og frjáls leikur.

Ef veður leyfir lýkur deginum á hressandi útiveru en ef veður er vont er boðið upp á frjálsan leik á ljúfum og rólegum nótum.

Leikskólinn lokar síðan kl 16:15

### **Aðlögun nýrra barna**

Vellíðan barnanna er í fyrirrúmi fyrstu daga þess í leikskólanum. Þegar börnin byrja í leikskólanum byrja þau í aðlögun sem tekur um það bil fimm daga. Aðlögunin byggist á því að foreldrar eru virkir þátttakendur fyrstu dagana og eru með börnunum sínum, sinna þeim og taka þátt í deginum. Þessi aðlögun nefnist þátttökuaðlögun.

### **Þátttökuaðlögun**

Þátttökuaðlögun byggist á þeirri hugmynd að börnin og foreldrarnir séu að læra að vera í leikskólanum, nái að kynnast honum saman, en ekki að börnin séu að venjast því að vera aðskilin foreldrum sínum. Jafnframt gefist tími fyrir leikskólakennara að kynnast barninu sem hluta af fjölskyldu og sem hluta af stærri barnahóp. Markmiðið er að skapa trúnað og traust á milli foreldra og starfsfólks.

Hugmyndafræðilega byggist þátttökuaðlögun frekar á heimspekilegri og félagslegri nálgun við leikskólastarf en sálfræðilegri. Undirstöðuatriðið er að aðlögun stjórnist af viðhorfum og ákveðinni leikskólasýn. Þátttökuaðlögun byggist m.a. á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin forvitni og öryggiskennd yfir til barna sinna. Með því að foreldrar séu virkir þátttakendur í starfi leikskólans frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum, þeir sjái starfsfólk í verki (Kristín Dýrfjörð, 2012).

### **Námsumhverfi**

“Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærsumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni” (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Hjallatún er opin leikskóli með sjö heimastofur sem skiptast á þrjá ganga og eina lausa stofu á útisvæði sem nefnist Eldey. Gangarnir heita Austurgangur,

Vesturgangur og Norðurgangur. Vesturgangur og Austurgangur er fyrir 3 – 5 og norðurgangur er fyrir 2 ára börn.

Á göngunum þremur eru tvær heimastofur, þær heita Logaland og Ljósaland á Vesturgangi, Varmaland og Bjarmaland á Austurgangi, Funaland og Sunnaland á Norðurgangi. Hverri heimastofu fylgja hvíldarherbergi og salerni. Gangarnir þrír tengjast saman af stórum sal. Salnum er hægt að skipta í tvennt með rennihurðum. Í salnum fer fram borðhald á matmálstímum og er eldhús leikskólans staðsett við salinn. Einnig fer fram ýmist starf í salnum eins og hreyfing, tónlist, sett upp leikrit og aðrar upptökur.

Á Austurgangi má einnig finna skrifstofu leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra, skrifstofu sérkennslustjóra og salerni starfsfólks. Á Norðurgangi er sérkennsluherbergið Undraland og salerni starfsfólks. Í Eldey er kaffistofa, undirbúningsherbergi og salerni starfsfólks.

Heimastofurnar á hvorum gangi fyrir sig vinna saman og mynda eina heild. Reynt er að hafa umhverfið hlýlegt og heimilislegt þar sem börn og starfsfólk dvelja þar allan daginn. *“Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks. Það þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja”* (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

*“Leikskólalóð er mikilvægt námsrými sem á að hvetja börn til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og sjá sig á mismunandi vegu”* (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Útisvæðið í Hjallatúni er nokkuð hefðbundið. Það saman stendur af rólum, rennibrautum, sandkassa, gormatæki og vegasalti. Farið er eftir öllum öryggisreglum og eru því gúmmímottur þar sem við á. Á svæðinu er hóll og fótboltavöllur sem er mikið notaður.

Útisvæðið Norðurgangsmegin er einnig hefðbundið. Þar má finna rólur, rennibraut, sandkassa, útisullusvæði og gormatæki.

Til þess að stækka útisvæðið okkar og sjóndeildarhring barnanna förum við reglulega í vettvangferðir. Ferðirnar eru stór hluti af leikskólastarfinu þar sem börnin fá að kynna nærumhverfinu sínu, og upplifa áskoranir og ævintýri.

## Samþætt & skapandi leikskólastarf

*„Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innandyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsvið leikskólans eiga að vera*



*sambætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

Í Hjallatúni er unnið að samþættingu námssviða m.a. í Hringekjunni þar sem allir grunnþættirnir fléttast saman og börnin velja sér viðfangsefni eftir áhugasviði.

## **Lýðræði & jafnrétti**

*„Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

## **Markmið**

- Stuðla að jafnrétti.
- Að allir fái tækifæri til virkrar þátttöku.
- Að virða skoðanir og ákvarðanir barnanna.
- Að fjalla um fjölmenningu og fjölbreytileika fólks.
- Að allir upplifi að þeir séu hluti af hópnum.
- Að efla skilning á hugtakinu lýðræði.

## **Leiðir**

- Gefa öllum tækifæri til virkrar þátttöku.
- Börnin hafa val um verkefni (Hringekjan).
- Börnin hafa áhrif á verkefni dagsins.

- Samræður um fjölmenningu og fjölbreytileika.

## Læsi & samskipti

*„Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

## Markmið

- Efla jákvæð og uppbyggileg samskipti.
- Hvetja til samvinnu og samstarfs.
- Efla sjálfsmynd barnanna.
- Efla málþroska og kynnst móðurmálinu.
- Efla hljóðkerfisvitund og orðaforða.
- Efla máltjáningu barnanna.

## Leiðir

- Markviss málörvun.
- Lesa, segja og hlusta á sögur.
- Orðaspjall.
- Lubbi finnur málbein.
- Fara í leiki og spil til málörvunar.
- Fara með þulur, rím og sögur.
- Hafa góðan tíma fyrir umræður og vangaveltur.
- Vettvangsferðir.

## Heilbrigði & velferð

*„Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og*

*stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

## Markmið

- Stuðla að umhyggju, gleði og vellíðan.
- Stuðla að persónulegri umhirðu.
- Að hafa hollt og fjölbreytt mataræði.
- Að hafa fjölbreytta hreyfingu.
- Að hafa góða slökun og hvíld.
- Styrkja sjálfþekkingargreind barnanna.
- Efla jákvæð samskipti.



## Leiðir

- Sýna börnunum virðingu og umhyggju.
- Kenna börnunum hreinlæti og snyrtimennsku.
- Bjóða upp á hollt mataræði.
- Bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu úti sem inni.
- Hafa verkefni sem örva fín- og grófhreyfingar.
- Bjóða upp á slökun og hvíld.
- Leiðbeina og hvetja til samskipta.

## Heilsueflandi leikskóli

Hjallatún er þátttakandi í þróunarstarfi Heilsueflandi leikskóla á vegum Embætti landlæknis. Er því ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að daglegu starfi leikskólans. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru heilbrigði og velferð skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi. Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með

átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu og sem Hjallatún mun leggja áherslu á.

Þessir þættir eru: *hreyfing, matarræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.*

Heilsueflandi leikskólar vinna eftir stefnu um heilsueflandi skólastarf ásamt tímasettri aðgerðaráætlun. Innan skólans starfar heilsuteymi sem heldur utan um heilsueflinguna og setur fram stefnu sem tengist grunnþáttum menntunar. Árangurinn er metinn með reglulegu millibili með sérstökum gátlistum frá Embætti landlæknis. Í kjölfar niðurstaðna er lína lögð fyrir hvert skólaár (Embætti landlæknis, 2022).

## Sjálfbærni & vísindi

*„Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúru fyrirbæri, vísindi og tækni. Börn skulu fá tækifæri til að kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

## Markmið

- Að börnin læri að umgangast náttúruna og nánasta umhverfi af virðingu og ábyrgð.
- Að börnin kynnist fjölbreytileika náttúrunnar.
- Að börnin læri að endurnýta hluti úr náttúrunni.
- Að börnin kynnist og fræðist um nánasta umhverfi skólans.
- Að börnin kynnist stærðfræðilegum hugtökum.

## Leiðir

- Vettvangsferðir.
- Heimsóknir í fyrirtæki á svæðinu.
- Stuðla að umræðum um náttúruna.
- Flokka og endurvinnna efnivið úr náttúrunni.
- Vinna með tölur, rými, fjarlægðir og áttir.
- Vinna með það sem finnst í náttúrunni.
- Fræðast um náttúruna



## Sköpun & menning

*„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

## Markmið

- Að efla frumkvæði og skapandi hugsun.
- Að efla sjálfstæð vinnubrögð.
- Að efla sjálfsmynd.
- Að efla jákvætt viðhorf.
- Að börnin tjái sig í gegnum sköpun.
- Að börnin taki virkan þátt í að móta menningu leikskólans varðandi hefðir og menningu.



## Leiðir

- Að hafa sköpun að leiðarljósi í dagskipulaginu.
- Að veita börnunum margvísleg tækifæri til að skapa.
- Nota opnar spurningar.
- Vinna með íslenska menningu og hefðir.

- Fara á bókasafn.
- Fara á listasafn og byggðarsafn.
- Þátttaka í listahátíð barnanna ár hvert.
- Fræðast um menningu annarra landa.
- Setja upp leiksýningar.

## Mat á námi & velferð barna

*„Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir til þess að meta og skrá starfið og fylgjast þannig með námi barnanna. Meðal annars ljósmyndaskráning, myndbandsskráningar og ritaðar skráningar. Til þess að halda utan um skráningu fyrir hvert og eitt barn eru fylltir út gátlistar á hverju ári og einnig er leikskólamappa sem fylgir barninu alla leikskólagönguna hluti af skráningarferlinu.

Í Hjallatúni leggjum við Hljóm-2 próf fyrir öll börn á síðasta árinu í leikskólanum. Hljóm-2 er matstæki á hljóðkerfisvitund. Einnig leggjum við skimunarprófið Efi-2 fyrir öll þriggja ára börn í leikskólanum. Efi-2 er skimunarpróf fyrir málþroska. Ef grunur er um seinkaðan þroska notum við Íslenska þroskalistann og Íslenska smábarnalistann og sendum inn beiðni um þroskamat.

### Skráningar í Hjallatúni

Heildstætt skráningarkerfi í Hjallatúni samanstendur af eftirfarandi:

- Námskrá leikskólans skipt eftir aldri.
- Gátlistum eftir aldri barnanna og fjölgreindum.
- Einstaklingsmöppu hvers barns fyrir sig.

*“Skráningar eru nauðsynlegur hluti leikskólastarfs. Uppeldisleg skráning er aðferð til gagnaöflunar og er notuð til þess að auka skilning okkar á því sem er að gerast í leikskólanum “ (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001).*

### Í Hjallatúni hafa skráningar eftirfarandi tilgang:

- Við viljum hafa yfirsýn.
- Við viljum auka skilning okkar á því sem gerist í leikskólanum okkar.
- Við viljum vita um nám barnanna, hvað þau segja, gera, tileinka sér og læra.
- Við viljum skoða okkur sjálf og hvað það er sem við erum að bera á borð fyrir börnin.
- Við viljum geta gripið inn í og eftt færni barns ef við sjáum þörf á því.

Með námskránni okkar, gátlistunum og einstaklingsmöppunni, sem heldur utan um allar upplýsingar barnsins frá því það hefur skólagöngu og þar til henni lýkur, höfum við sett saman heildstætt skráningarkerfi sem endurspeglar okkar innra starf og sýnir klárlega hvernig við vinnum með fjölgreindakenninguna. Það gerir okkur einnig kleift að bregðast fljótt við ef við teljum þörf á inngripi vegna færni og þroska barnanna.

Deildarstjórar hefja haustið á því að fara í gegnum gátlistana og skoða hvar þarf inngrip og hvað má efla betur.

### Hegðunarmótun & agi

Í Hjallatúni er stuðst við „Uppeldi sem virkar; færni til framtíðar“ sem er viðurkennd aðferð til að auka færni á að takast á við og fyrirbyggja hugsanlegan vanda sem og að beita aga á jákvæðan og viðurkennandi hátt. Aðferðin byggist m.a. á því að koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika. Hjálpa börnum að þróa með sér öryggi, sjálfstæði og jákvæðni. Auka eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkinu. Nota aga á jákvæðan og árangursríkan hátt. Kenna börnum æskilega hegðun og takast á við venjuleg vandamál í uppeldi. Á hverju hausti er boðið upp á námskeið fyrir foreldra. Viljum við hvetja foreldra að fylgjast vel með auglýstum námskeiðum á síðu Reykjanesbæjar.

## Fjölskyldan & leikskólinn

*„Líðan barns í leikskóla er tvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

### Foreldrasamstarf

Mikilvægur þáttur í starfi hvers leikskóla er foreldrasamstarf. Grunnur að vellíðan barns í leikskóla er að sá þáttur sé í lagi, gott upplýsingastreymi og samvinna. Leikskólinn á ekki að yfirtaka uppeldishlutverk foreldranna heldur einungis að vera viðbót við það.

Í Hjallatúni er margt gert til að efla þessi tengsl m.a. með vefsíðu leikskólans, fésbókarsíður fyrir hvern gang, kynningarfundir, foreldrasamtöl, viðhorfskannanir og áhersla á góð samskipti daglega við alla foreldra. Leikskólinn stendur einnig fyrir uppákomum þar sem fjölskylda barnsins er boðin velkomin. Leikskólinn er ávallt opin fyrir foreldra og eru þeir velkomnir í heimsókn hvenær sem er.

### Foreldrasamtal

Boðið er upp á eitt formlegt foreldrasamtal á ári. Er það haldið í lok janúar. Notaður er einn skipulagsdagur í samtölin. Í þessum samtölum upplýsa kennarar foreldra um líðan barna, skapferli og hegðun, daglegar athafnir í leik og samskipti. Upplýsingar um sterkar hliðar barnsins með hliðsjón af fjölgreindarkenningunni. Þeirra og fá á móti upplýsingar um hagi barnsins og óskir foreldra til leikskólans. Einnig er farið yfir hvernig aðlögunin hefur gengið með foreldrum nýrra barna.

Lagðar eru fram niðurstöður á athugunum og mati sem fram hefur farið á börnunum ef slíkt hefur verið gert.

## Foreldrafélag

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 skal við sérhvern leikskóla starfa foreldrafélag. Misjafnt er hvaða markmið þessi félög setja sér. Landssamtök foreldrafélaga styðja við bakið á foreldrafélögum og veita ýmsar upplýsingar.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og var það stofnað í maí 2001. Allir foreldrar sem eiga börn í Hjallatúni verða sjálfkrafa félagar í félaginu, en nokkrir foreldrar skipa stjórn þess ár hvert.

## Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2.mgr.4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Í Hjallatúni er starfandi foreldraráð. Í ráðinu sitja þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra.

## Hefðir og hátíðir

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum en einnig á ýmsan hátt í leikskólum. Þennan menningararf þarf leikskólinn að styðja við og börn að læra að virða, styrkir það m.a. þjóðarvitund þeirra. Í Hjallatúni eru jafnframt sérstakir viðburðir sem gefa tilefni til hátíðar t.d. afmæli leikskólans. Hefðir og hátíðir styrkja samkennd og samstöðu í því litla "samfélagi" sem leikskólinn okkar er. Hefðir breytast með árunum og vegna áhrifs covid árið 2020 hafa áherslur breyst á þann hátt að við skipuleggjum færri viðburði yfir árið til að taka tillit til streitu (álags) hjá börnum, starfsfólki og foreldrum.

## Afmæli leikskólans

Leikskólinn á afmæli 8. janúar og þá er haldin afmælislandafundur í sal.

## **Landafundir**

Landafundir eru haldnir í sal síðasta föstudag í mánuði. Þá hittast löndin þ.e. börn og starfsfólk af öllum heimastofum og eiga skemmtilega stund saman. Á landafundum er sungið, dansað og farið í leiki svo fátt eitt sé nefnt. Heimastofurnar skiptast að sjá um landafundina.

## **Þorrablót**

Þorrinn er blótaður í leikskólanum. Haldið er þorrablót í sal þar sem sungið er og dansað og börnum og starfsfólki gefst kostur á að smakka á þorramat. Undanfarin ár hafa kennarar sýnt leikritið um Búkollu við góðar viðtökur. Áhersla er lögð á íslenska siði og hefðir í þorramánuðinum ásamt íslenskri þjóðtrú. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum tengdum þorranum bæði í hópasamveru og í svæðaskiptingu.

## **Bolludagur – sprengidagur – öskudagur**

Á bolludag er boðið upp á bollur, saltkjöt á sprengidag og öskudagsfundur er í sal á öskudag. Þá mega börnin koma í búningum og kötturinn er sleginn úr tunnunni.

## **Listahátíð barna**

Listahátíð barna sem er haldin í Reykjanesbæ ár hvert er góð hefð sem hefur fest í sessi. Öll börn taka þátt í hátíðinni og setja svo sannarlega svip sinn á hátíðina með dásamlegum listaverkum. Ný yfirskrift eru valin fyrir hvert ár og sér einvala lið kennara úr öllum leikskólum Reykjanesbæjar um að velja úr fjölmörgum hugmyndum allra barna í Reykjanesbæ.

## **Útskriftaferð**

Elsti árgangur skólans fer í útskriftarferð að vori. Farið er í dagsferð út fyrir leikskólann með rútu. Skipulag ferðarinnar er að gera daginn eftirminnilegan, að upplifun barnanna sé spennandi og skemmtileg

## **Útskriftarhátíð**

Elstu börnin eru útskrifuð við hátíðlega athöfn í maí. Foreldrum er boðið á hátíðina og sýna börnin atriði, eftir það er þeim afhent útskriftarskjal og að lokum eru kaffiveitingar.

## **Sumarhátíð**

Sumarhátíð er haldin fyrir eða eftir sumarfrí leikskólans. Þá hafa kennarar boðið upp á ýmislegt áhugavert fyrir börnin. Í gengum tíðina hefur verið boðið uppá vísindasmiðju, alls kyns föndur og listsköpun.

### **Foreldrakaffi**

Foreldrum er boðið að koma og njóta með börnunum sínum við sérstök tilefni og eiga notalega stund með börnum og starfsfólki leikskólans. Boðið hefur verið upp á vísindasmiðju, frjálstan leik eða föndurstundir sem gefa foreldrum skemmtilega innsýn í leik og nám barnanna í leikskólanum.

### **Dagur íslenskra tungu**

Þann 16. nóvember ár hvert, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, höldum við dag íslenskra tungu hátíðlegan. Haldin er skemmtun í sal fyrir öll börn leikskólans. Þar eru sungin lög og farið með ljóð eftir íslenska höfunda og elstu börn leikskólans sýna atriði.

### **Litlu jól**

Litlu jól eru haldin í annarri viku fyrir jól. Jólasveinar koma í heimsókn, dansa og syngja með börnunum og færa þeim mandarínu að gjöf. Í hádeginu er boðið er upp á gómsætan jólamat.

### **Afmælis- og kveðjuveislur**

Þegar börnin eiga afmæli fá þau að vera “afmælisbarn dagsins”. Í samverustund setjast þau í afmælisstól, velja leiki og afmælissöngurinn er sunginn. Þau eru aðstoðarmenn í matsal og fá að velja sér sérstakan matardisk í hádegismatnum. Einnig fá þau að hafa íslenska fánann á matarborðinu sínu. Þegar barn hættir í leikskólanum er kveðjustund þar sem barnið er kvatt með fallegum orðum og söng. Þegar börn útskrifast úr leikskólanum er sérstök hátíð haldin þar sem börnin eru kvödd með kveðjukorti.

### **Skráningardagar**

Skráningardagar eru í vetrarfríum og í dymbilviku. Til þess að mæta starfsumhverfi leikskólanna taka kennarar út hluta að sinni vinnustyttingu á þessum dögum. Þess vegna þarf að skrá börnin sérstaklega ef þau mæta þessa daga. Skráningar eru auglýstar með mánaðafyrirvara.

## Tengsl skólastiga

Holtaskóli er okkar heimaskóli og erum við í nánu samstarfi við hann allan veturinn. Samstarfið byggir meðal annars á gagnkvæmum heimsóknum með reglulegu millibili allan veturinn og unnið er að ýmsum verkefnum. Á haustin ákveða deildarstjóri skólahóps og deildarstjóri yngsta stigsins í Holtaskóla með hvaða hætti heimsóknirnar verða og er þessi vinna í stöðugri þróun. Um vorið heimsækja börnin sem ekki fara í Holtaskóla þann grunnskóla sem þau byrja í að hausti. Markmiðið með þessu samstarfi er að börnin í leikskólanum upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.



Á vorin er skilafundur á vegum Menntasviðs Reykjanesbæjar. Á þessum fundi koma leikskólakennarar hagnýtum upplýsingum á framfæri um börnin og skila m.a. niðurstöðum úr Hljóm – 2 skimunarprófi.

## Starfsáætlun

Starfsáætlun leikskólans kemur út að hausti fyrir hvert skólaár. Leikskólastjóri hefur umsjón með gerð áætlunarinnar sem byggir á endurmati starfsfólks leikskólans. Í áætluninni er að finna hverjir verða áherslu- og umbótaþættir fyrir skólaárið.

## Mat á leikskólastarfi

### Innra mat

Á vorin er starf vetrarins endurmetið og mismunandi aðferðir eru notaðar til þess s.s. spurningakannanir, hópavinna og samtöl. Við úrlestur úr matinu er leitast við að draga fram styrkleika og veikleika í starfinu og benda á það sem betur mætti fara þannig að draga megi lærdóm af.

Niðurstöður innra mats Hjallatúns eru ræddar í öllum starfsmannahópnum og mynda vinnuþlög fyrir ársáætlunargerð næsta starfsárs. Formleg starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári milli starfsfólks og leikskólastjórnenda.

Í Hjallatúni eru notaðar fjölbreyttar aðferðir til þess að meta og skrá starfið og fylgjast þannig með námi barnanna. Til þess að halda utan um skráningu fyrir hvert og eitt barn er unnið með gátlista og einnig er leikskólamappa sem fylgir

barninu alla leikskólagönguna hluti af skráningarferlinu. Foreldrum býðst einnig að taka þátt í að meta innra starf skólans. Við sendum stuttar rafrænar kannanir þar sem við skoðum afmarkaða þætti í starfinu. Á vorin eru tekin viðtöl við börnin þar sem reynt er að draga fram þeirra sýn á leikskólastarfinu og eru spurningar búnar til af leikskólastjórnendum.

## Ytra mat

*„Sú nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar skal hafa eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Þetta á bæði við um þá leikskóla sem reknir eru af sveitarfélaginu og þá sem reknir eru af öðrum aðilum. Nefndin ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Við ytra mat má styðjast við margs konar upplýsingar t.d. um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólastefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á. Sveitarstjórn ber að tryggja að upplýsingum um skólastarf sé miðlað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, starfsfólks skóla og foreldra. Niðurstöðum úttekta og kannanna skal fylgt eftir með markvissum hætti en eftirfylgni tekur mið af viðfangsefni og niðurstöðum.*

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um leikskóla, reglugerðir og aðalnámskrá kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknnum ásamt almennri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga. Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um starfsemi leikskóla. Ytra mat ráðuneytisins getur m.a. falist í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á ákveðnum þáttum eða innra mati. Einnig getur ytra matið falist í greiningu á niðurstöðum mats sveitarfélaga. Niðurstöðum ber að fylgja eftir og tekur eftirfylgni ráðuneytisins mið af niðurstöðum hverju sinni. Niðurstöður allra kannana og úttekta eru birtar á vef ráðuneytisins“ (Aðalnámskrá leikskóla. 2011).*

## Leikskólinn Hjallatún

Vallarbraut 20

Sími:..... 420 – 3150

Leikskólastjóri: ..420 – 3151

Netfang: hjallatun@hjallatun.is

Netfang leikskólastjóra: olof.m.sverrisdottir@hjallatun.is

Veffang Hjallatúns: [www.hjallatun.is](http://www.hjallatun.is)

Veffang Reykjanesbæjar: [www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)

Opnunartími: 7.45 – 16.15

**Leikskólastjóri:** Ólöf Magnea Sverrisdóttir

**Aðstoðarleikskólastjóri:** Sara Líf Kastbjerg Sveinsdóttir

### Starfsfólk leikskóla

- Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.
- Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni heimastofu. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á heimastofunni.
- Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á hverri heimastofu.
- Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum.
- Reykjanesbær gerði á haustdögum 2019 samning við Skólamat þess efnis að framleiða og framreiða skólamat fyrir leikskólann.
- Ræstingar eru boðnar út og þrifið er daglega eftir að leikskólanum er lokað.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Ólöf Magnea Sverrisdóttir, leikskólastjóri

Samþykkt af foreldraráði Hjallatúns september 2024

-----  
-----  
-----